OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland

KÓPAVOGUR

30. ÁGÚST 2013
10. tölublað 1. árgangur

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

Viðurkenningar umhverfis- og samgöngunefndar

Viðurkenningar til einstaklinga og fyrirtækja voru afhentar í Salnum í síðustu viku. Viðurkenningar sem þessar hafa verið afhentar frá árinu 1964 í Kópavogi. Á myndinni eru allir viðurkenningahafar ásamt bæjarfulltrúum Kópavogs og nefndarmönnum umhverfis- og samgöngunefndar. Sjá nánari umfjöllun á síðu 2.

Mynd: HÞ

Sölufólk óskast

Skemmtileg aukavinna!

Hringdu núna og fáðu upplýsingar í síma 691-0808

friendtex

Faxafen 10, 108 Reykjavík,
sími 568 2870, friendtex.is og 568 2878, praxis.is
Opið mán.-fös. kl. 11.00-17.00, lokað laugardaga

100% SKEMMTUN
LASER TAG

www.lasertag.is 564 6644

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Er húsfélagið í lausu lofti ?

Vantar óháðan aðila til að annast málefni húsfélagsins eða rekstrarfélagsins?

» Eignaumsjón er óháður fagaðili þegar kemur að rekstri húsfélaga og rekstrarfélaga – og því frábær lausn fyrir eigendur atvinnuhúsnæðis. Í okkar umsjá ertu í góðum höndum - við sjáum um fjármálin, fundina, undirbúning framkvæmda og viðhalds og annarra þátta sem þarf að leysa.

Eignaumsjón hf. – Suðurlandsbraut 30 – Sími 585 4800 – afgreidsla@eignaumsjon.is – www.eignaumsjon.is

EIGNAumsjón

Mynd:Helgi Viðar

Breiðablik bikarmeistarar kvenna:

Liðsheildin skilaði góðum árangri

Breiðablik er bikarmeistari kvenna árið 2013. Bikarnum var fagnað um síðustu helgi á Laugardalsvelli þegar liðið sigraði Íslandsmeistarana Þór/KA 2-1 í spennandi úrslitaleik. Leikurinn fór þó rólega af stað en eftir tæplega tuttugu mínútna leik skallaði Guðrún Arnardóttir boltann í markið. Í seinni hálfleik náði lið Þórs/KA að jafna en Rakel Hönnudóttir skoraði sigurmarkið þegar hálftími var eftir af leiknum.

Hans Sævarsson og Hlynur Eiríksson eru þjálfarar liðsins. Að sögn Hans hefur gengi Breiðabliks verið misgott síðastliðin ár. Liðið vann deildarbikar á síðasta tímabili í fyrsta skipti síðan árið 2006 og lenti í 5. sæti í deildinni.

„Bikarinn var síðast í Kópavogi 2005 þannig að það var kominn tími á hann núna í ár," segir Hans. Árið 2005 var einstaklega sigursælt hjá liðinu en þá unnu stúlkurnar einnig Íslandsmótið. En þessi átta ára bið eftir stórum titli er nú loks á enda. „En góðir hlutir gerast hægt og við sjáum hvað setur á næstu árum," bætir Hans við.

Stefnan var sett á að vinna stóran titil

Aðspurður um hvort stefnt hefði verið að bikarnum í upphafi tímabilsins svarar Hans að þeir væru að ljúga ef þeir myndu svara því neitandi. „Þegar við tókum við liðinu þá settumst við niður og fórum vel yfir alla hluti. Fyrir þetta tímabil þá vorum við sammála um það að þetta lið sem við hefðum í höndunum væri nægilega sterkt til að vinna annan stóra titilinn sem væri í boði og því var stefnan sett á það."

Gengi liðsins í Pepsi deildinni hefur verið gott í sumar. Þegar þetta er ritað er liðið í öðru sæti deildarinnar. „Stjarnan er með yfirburða stöðu í deildinni og eru þær virkilega vel að því komnar. Þorlákur er með frábært lið í höndunum þar." Hans segir að nauðsynlegt sé að missa sig ekki í gleðinni því hættan sé alltaf á að missa þessa stöðu. „Það eru mörg góð lið í deildinni sem vilja taka þetta sæti af okkur," bætir hann við.

Samrýndar og einbeittar fyrir hverja aðra

Hans segir að það sé liðsheildinni að þakka að þessi árangur náðist sem tryggði Breiðablik bikarmeistaratitilinn. „Það er alveg einstakt hvað þær eru allar samrýndar og einbeittar fyrir hverja aðra." Hans vill einnig koma því á framfæri að hann og Hlynur kortlögðu lið Þórs/KA. Þeir fóru yfir veikleika þeirra og fengu Ólaf Helga Kristjánsson, þjálfara meistaraflokks karla til liðs við sig til að fara yfir þá þætti með þeim.

„Það vita allir að Óli er einn af alfærustu þjálfurum landsins og gott að geta sótt hluti í þann viskubrunn sem hann er. Og ekki má gleyma Bjössa sjúkraþjálfara sem gerði stelpurnar allar leikfærar þremur dögum áður á Selfossi," segir Hans.

Breytingar í leikmannahópnum

Töluverðar breytingar urðu á leikmannahópnum í heild sinni í sumar. Fanndís sem verið hefur ein af bestu leikmönnum liðsins síðustu árin hélt út til Noregs í atvinnumennsku og gerir það gott þar. Sandra Sif fór einnig til Noregs og spilar í efstu deild. Arna Ómars gekk til liðs HK/Víking og Anna Birna fór í Þrótt. Guðrún Erla varafyrirliði hefur ekkert spilað í sumar sökum meiðsla en er nú í láni í Þrótti Reykjavík til að koma sér í gang aftur. Auk þess lögðu nokkrir leikmenn skóna á hilluna.

En það komu einnig nýir leikmenn til liðs við félagið. Gréta Mjöll kom aftur í liðið og sama má segja um Berglindi Björgu. Aðrir nýir leikmenn eru Aldís Kara, Lilja Dögg og Ásgerður Arna. Ásta Vigdís markvörður kom einnig nú í sumar auk þess sem systurnar Hildur Sif og Jóna Kristín hafa spilað í sumar. „Svo eru allar ungu stelpurnar sem fengu smjörþefinn í fyrra orðnar árinu eldri og betri," segir Hans.

„Ætlum okkur annað sætið"

Framtíðin er björt hjá Breiðablik og segir Hans að starfið í yngri flokkunum sé í blóma og hefur verið síðustu ár. „Allir flokkar eru á mjög góðu róli í sínum mótum en það er fyrst og fremst kennslan sem fer fram á æfingum sem er algjörlega til fyrirmyndar. Það starfa hjá okkur virkilega hæfir þjálfarar í öllum flokkum." Framundan hjá liðinu eru leikir í Pepsi deildinni. „Við ætlum okkur annað sætið þar," segir Hans og bætir við að lokum; „Stuðningurinn var hreint út sagt frábær í bikarúrslitaleiknum og hefur verið virkilega flottur í allt sumar. Við vonumst til að allir haldi áfram að mæta á leiki hjá okkur og við náum að fylla stúkuna á næsta leik. Áfram Breiðablik."

LHÞ

Umhverfisviðurkenningar Kópavogs afhentar

Kópavogsbær afhenti umhverfisviðurkenningar til einstaklinga og stofnana við hátíðlega athöfn í Salnum í síðustu viku. Gata árins 2013 er Lindasmári 18 til 54.

Hjónin Sigríður Bjarnadóttir og Guðmundur B. Kristmundsson fengu viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar fyrir umhirðu húss síns og lóðar að Birkihvammi 7. Íbúar Huldubrautar 31, hjónin Lovísa Ólafsdóttir og Sævar Guðbergsson, fengu viðurkenningu fyrir endurgerð húsnæðis, en þau keyptu húsið árið 1991 og hafa smám saman gert það upp.

Kársnesskóli, Smáraskóli, Vatnsendaskóli og Menntaskólinn í Kópavogi viðurkenningar fyrir framlag sitt til umhverfismála. Skólarnir hafa með ýmsum hætti lagt mikla áherslu á umhverfismál, svo sem með fræðslu, flokkun sorps og snyrtilegu umhverfi.

Sögufélag Kópavogs afhenti bæjarstjóra fræðsluskilti um bæinn Fífuhvamm sem stóð þar sem nú er Melalind og leikskólinn Núpur hjá Lindaskóla. *Myndir :HÞ*

Margrét Friðriksdóttir, skólameistari, tekur við viðurkenningu fyrir hönd Menntaskólans í Kópavogi. Nefndarmenn umhverfis- og samgöngunefndar afhenda viðurkenninguna.

Lovísa og Sævar fengu viðurkenningu vegna endurgerðar húss síns að Huldubraut 31.

Þórður Guðmundsson, formaður Sögufélags Kópavogs, afhendir bæjarstjóra fræðsluskilti um Fífuhvamm en meðlimir félagsins sáu um textagerð skiltisins.

Eigendur Birkihvamms 7 fengu viðurkenningu vegna umhirðu húss síns og lóðar sem þykir til fyrirmyndar. Margrét Björnsdóttir, formaður nefndarinnar afhendir þeim verðlaunin.

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS 33.990 KR. (EINGREIÐSLA)

Það gera aðeins **2.833 kr.** á mánuði. Visa/Euro kortalán* einnig í boði

Hóptímar
í Sundlaug Kópavogs
Vetrardagskrá hefst 2. september.

- Dans og fjör með Zumba kennurum
- Spinning 45
- Spinning 60
- Jóga
- Powerjóga *Nýtt*
- Core og teygjur
- Flottar konur
- Flottar konur 4x10 *Nýtt*
- Morgunpuð
- 4x10 Þol / styrkur *Nýtt*
- Hádegispuð
- Morgunhressing
- Stöðvarþjálfun

FRÍR PRUFUTÍMI Í TÆKJASAL UNDIR LEIÐSÖGN ÞJÁLFARA
Hringja þarf og panta tíma. Prufutími gildir ekki í hóptíma.

TILBOÐ GILDIR TIL 23. SEPT 2013

*Kortalán: Bjóðum upp á allt að 12 mánaða greiðsludreifingu. Lántaki ber sjálfur allan kostnað af láninu

FRÍTT ER Í ALLA HÓPTÍMA FYRIR MEÐLIMI ACTIC

ACTIC LÍKAMSRÆKT & SUND

Kortið gildir í líkamsrækt og sund í Sundlaug Kópavogs og Íþróttamiðstöðinni Versölum.

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is

Aino Freyja Järvelä forstöðumaður Salarins:

„Salurinn er fyrir alla tónlistarunnendur“

Þegar ákveðið var að ráðast í byggingu menningartorfunnar svokallaðrar í Hamraborg þá var hugmyndin sú að byggja lítinn tónlistarsal í öðrum enda hússins í tengslum við tónlistarskólann. Jónas Ingimundarson, tónlistarmaður, kom þá með þá hugmynd að tilvalið væri að byggja stærri sal sem myndi einnig nýtast sem tónlistarsalur fyrir almenning. Úr varð að ákveðið var að stækka fyrirhugaðan tónlistarsal og til varð fyrsti salurinn á Íslandi sem byggður er sérstaklega fyrir tónlistarflutning.

Mikil áhersla var á hönnun hússins í samræmi við hlutverk hans og voru færustu sérfræðingar í hljóðhönnun fengnir til liðs við hönnuði hússins. Salurinn rúmar 300 manns og hefur fyrir löngu unnið sér sess í tónlistarlífi þjóðarinnar. Salurinn var tekinn í notkun árið 1999 og á þeim tíma hafa verið haldnir fjöldi tónleika ár hvert. Frá opnun Salarins hélt Kópavogsbær úti öflugri klassískri tónleikaröð , Tíbrá, sem skartaði okkar bestu listamönnum ásamt heimsfrægum erlendum gestum. Eftir 2008 fækkaði tónleikum í röðinni og salurinn var jafnframt opnaður meira fyrir allar tónlistarstefnur.

Forstöðukona Salarins, Aino Freyja Järvelä, hefur veitt Salnum forstöðu frá árinu 2011 en auk hennar starfa tveir starfsmenn í Salnum; tæknimaður sem sér um að allt gangi upp í tæknimálunum og móttökuritari sem sér einnig um miðasölu og hefur umsjón með veitingum. Tónlistarráðunautur Kópavogs, Jónas Ingimundarson, hefur haft veg og vanda af vali tónleika innan Tíbráar- raðarinnar sem er röð klassíska tónleika.

Aino Freyja er forstöðumaður Salarins. Mynd: HÞ

Framsýnir bæjarstjórnarmenn

„Það er þáverandi bæjaryfirvöldum að þakka að Salurinn reis. Þeir voru framsýnir og voru tilbúnir að láta gera hér fullkominn tónlistarsal sem hefur aldeilis staðist tímans tönn,“ segir Aino Freyja Hún segir að talsverðar breytingar hafi orðið á starfseminni eftir hrun.

„Mikil áhersla var lögð á klassíska tónleika sem að öllu jöfnu voru kostaðir af Kópavogsbæ og skörtuðu heimsþekktum tónlistarmönnum. Síðustu árin höfum við lagt meiri áherslu á innlenda listamenn og opnað Salinn meira fyrir öllum tónlistarstefnum og aldurshópum. Þó koma frábærir erlendir tónlistarmenn enn við sögu í bland við þá innlendu.“ segir Aino Freyja og nefnir dæmi.

„Til að mynda verður Sally Matthews, sópransöngkona einn flytjenda í tónleikaröð sem hefur fengið yfirskriftina Klassík í Salnum og tekur við af Tíbránni í vetur. Við bryddum einnig upp á þeirri nýjung að bjóða 12 ára og yngri frítt á klassísku röðina í fylgd með fullorðnum og viljum við þannig leggja okkar að mörkum að kynna klassíska tónlist fyrir næstu kynslóðum. Fjöldinn allur af áhugaverðum tónleikum verður í boði sem fyrr og hin sívinsæla tónleikaröð Jóns Ólafssonar, Af fingrum fram, verður á dagskrá fimmta veturinn í röð“. segir Aino Freyja sem er þessa dagana að leggja lokahönd á skipulag dagskrárinnar fyrir veturinn en þar kennir ýmissa grasa.

Höfum haldið fullum dampi eftir tilkomu Hörpu

- Í fyrra var ráðstefnu- og tónleikahúsið Harpa opnuð, hefur það haft áhrif starfsemina í Salnum?

„Við höfum haldið fullum dampi þrátt fyrir komu Hörpu enda er enginn salur í Hörpu sem er sambærilegur við þann sem er í Salnum. Það má í raun segja að nú sæki hingað listmenn með tónleika sem vilja notalegt umhverfi þar sem skapast þessi skemmtilega nánd milli flytjenda og gesta. Þetta er að mínu mati sérstaða Salarins fyrir utan einstaklega góðan hljóm.

„Við erum svo lánsöm að hafa hér góðar menningarstofnanir í göngufæri við hverja aðra. Býður það upp á endalausa möguleika og samvinnu sem ég hef trú á að muni aðeins eflast á komandi árum“ sagði Aino Freyja, forstöðumaður Salarins að lokum.

Dagskrá vetrarins í Salnum liggur að mestu leyti fyrir og hér eru helstu viðburðir vetrarins:

Af fingrum fram

Síðustu fimm ár hefur Jón Ólafsson haldið tónleika sem nefnast Af fingrum fram þar sem Jón fær landsþekkta tónlistarmenn í heimsókn og á þeim spjallar Jón við gesti sína milli laga. Í vetur verður Jón með sex tónleika, á tveimur þeirra fær hann Pál Óskar í heimsókn, og síðan koma í heimsókn þeir Björgvin Halldórsson, Gunnar Þórðarson, Stefán Hilmarsson, Bjartmar Þórðarson og Eiríkur Hauksson.

Klassík í Salnum

Klassík í Salnum tekur við í vetur af Tíbrá sem hefur verið fastur liður í Salnum undanfarin ár. Tónleikaröðin telur tíu tónleika þar sem fremstu listamenn þjóðarinnar koma fram ásamt erlendum gestum. Opnunartónleikar haustsins verða í höndum píanóleikarans Eddu Erlendsdóttur sem jafnframt fagnar útgáfu nýs geisladisks. Hún mun flytja verk eftir Schubert, Liszt, Berg og Schönberg.

Líttu inn í hádeginu

Yfir veturinn verða í boði hálftíma langir hádegistónleikar í listrænni umsjón Guðrúnar Birgisdóttur flautuleikara.

Jazz- og blúshátíð Kópavogs

verður í byrjun október en þá fær Björn Thoroddsen til sín góða gesti á borð við Tim Burton, Trevor Gordon Hall, Craig D'Andrea ofl.

Þór Breiðfjörð

Tónleikar Þórs voru haldnir í vor við miklar vinsældir og nú endurtekur hann leikinn með söngvum og spjalli við áhorfendur. Hann hefur gert garðinn frægan á leiksviði hér á landi og erlendis.

Jasshátíð Kóðavogs er í höndum Björns Thoroddsen.

Af fingrum fram er í höndum Jóns Ólafssonar þar sem hann fær landsþekkta tónistarmenn í spjall og söng.

LEIÐARI

Sumarið sem aldrei kom

Þessa dagana minnir haustið á sig með vetrarveðri norðan heiða með tilheyrandi ráðstöfunum bænda og búaliðs. Enginn vill lenda í sambærilegum hremmingum og síðastliðið haust þegar mikill fjárskaði varð hjá hópi bænda. Gott er að hafa vaðið fyrir neðan sig og gera viðeigandi ráðstafanir, því ef við höldum áfram með frasana þá tryggir maður ekki eftirá og ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

Það er eiginlega ósanngjarnt hvernig gæðunum hefur verið misskipt meðal landsmanna í sumar. Sunnanlands hefur varla stytt upp svo nokkru nemi og hitastigið með lægsta móti miðað við síðustu ár. Þeir sem voru búnir að birgja sig upp af berjatínum og ílátum undir væntanlegan afrakstur tínsluferða verða að bíta í það súra epli að ekki viðrar neitt sérstaklega vel til berjaleiðangra þessa helgina. Íbúar á norðanverðu landinu hafa hinsvegar verið afar heppnir með tíðina og þar hafa menn víða fyllt öll tiltæk ílát af berjum (sé eitthvað að marka fésbókartilkynningar).

Þegar undirrituð sleit barnskónum var alltaf sól. Að minnsta kosti var svo í minningunni. Þegar umræðuefnið “vonlausasta sumar sögunnar“ bar á góma í fjölskyldunni nýlega var ekki annað hægt en að minnast þessara áhyggjulausu björtu daga bernskunnar. Það var snarlega leiðrétt af eldri fjölskyldumeðlimum (sem þóttust hafa betra minni en sú sem hér ritar) og því haldið fram að sumur æsku minnar hafi verið með endæmum blaut og köld svo menn mundu ekki annað eins!

Við skoðun á opinberum tölulegum gögnum kom í ljós að viðkomandi eldri fjölskyldumeðlimur hafði alveg rétt fyrir sér. Af þessu má ráða tvennt: a) veðurfar er hugarástand b) bernskuminningar eru ekki óskeikular.

Lifið heil
Hólmfríður Þórisdóttir

HVAÐ VEISTU UM BÆINN ÞINN?

Spurningin í þessu blaði er:

Heiðursborgarar Kópavogs eru fjórir. Ein af þeim er kona. Hvað heitir hún?

Hvað veistu um bæinn þinn eru laufléttar spurningar um Kópavog og sögu hans. Ein spurning birtist í hverju blaði og er svarið að finna á blaðsíðu 14 í blaðinu.

KÓPAVOGUR
10. TBL. 1. ÁRGANGUR 2013

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjórar:** Hólmfríður Þórisdóttir, sími 699 0450, netfang: holmfridur@vedurehf.is, Sigurður Þ Ragnarsson netfang: sigurdur@vedurehf.is, **Ljósmyndari:** Þórir Snær Sigurðarson, sími 615 2049 og Þórður Ingi Bjarnason, sími 822 0068. **Blaðamenn:** Linda Hrönn Þórisdóttir, Þórir Snær Sigurðarson. **Veffang:** fotspor.is, **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 11.000 eintök. **Dreifing:** Póstdreifing.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í **11.000** EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í KÓPAVOGI

DUX®

Sænsk hágæðarúm í 87 ár

DUX 414

DUXIANA®

Háþróaður svefnbúnaður

DUXIANA
Ármúla 10
S - 568 9950

duxiana.com

BÆJARBÚINN YFIRHEYRSLA

Adda Steina Björnsdóttir:

Erfitt að vera boðberi tíðinda sem enginn vill heyra

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, eða Adda Steina eins og hún er alltaf kölluð var vígð í embætti prests í Hjallakirkju í fyrra. Hún á tvo syni, eiginmann og íslenskan fjárhund. Adda Steina er í Yfirheyrslunni að þessu sinni.

Fullt nafn:
Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Aldur:
49.

Foreldrar:
Björn Friðfinnsson fv. ráðuneytisstjóri og Iðunn Steinsdóttir rithöfundur.

Hvert liggja ættir þínar?
Í Suðursveit, Vopnafjörð, Grímsey og á Vestfirði.

Maki og starf hans:
Þórir Guðmundsson, starfar hjá Rauða krossinum.

Börn, barnabörn:
Tveir synir, Unnar Þór og Björn.

Menntun, hvaða skólar og á hvaða tíma?
MR 1983, HÍ kandidatspróf í guðfræði 1989.

Fyrsta starfið?
Bar út Alþýðublaðið á Húsavík 7 ára og Moggann í Mývatssveit 11 ára. Afgreiðslustúlka og ræstitæknir í KEA Grímsey 13 ára.

Fyrri störf:
Fréttamaður á Bylgjunni og Stöð 2; fréttaritari fyrir RÚV í Austur Evrópu, lausamennska í greinarskrifum og þáttagerð; framkvæmdastjóri ÆSKR, verkefnastjóri Geðræktar, starfsmaður Inntaks, almanntengsla, verkefnastjóri upplýsingasviðs og samkirkjumála hjá Biskupsstofu.

Í hvaða hverfi býrðu?
Grafarvogi.

Hefurðu búið erlendis?
Já, á Kýpur, í Ungverjalandi, Belgíu, Kazakstan og Malasíu.

Hver er stærsti sigur þinn?
Ókominn, vona ég.

Mesta axarskaftið?
Búin að gleyma því!

Hver eru þín helstu áhugamál?
Það er langur listi, en m.a. lestur, göngur, golf og samvera með fjölskyldu og góðum vinum. Svo hef ég mikinn áhuga á vinnunni minni og á ákveðnu sviði guðfræðinnar sem kallast trúarlífsfélagsfræði.

Hver er þinn helsti kostur?
Ég hef ánægju af samvistum við fólk sem er mikill kostur í mínu starfi.

En galli?
Mér hættir til að færast of mikið í fang og þyrfti að æfa mig í forgangsröðun.

Ertu lagtæk í eldhúsinu?
Ja, það hefur amk enginn annar boðið sig fram í fjölskyldunni til að taka yfir.

Áttu gæludýr?
Við eigum hundinn Stúf, sem er íslenskur fjárhundur.

Hvernig bíl áttu?
Við eigum tvo bíla, Toyotu jeppling og Suzuki Swift.

Hver er draumabíllinn?
Rafbíll.

Ferðastu mikið?
Mér finnst gaman að ferðast en í seinni tíð vil ég helst tengja ferðalög hreyfingu eins og göngu eða golfi. Það bregst líka ekki að þá hittir maður skemmtilegt fólk.

Hver er fallegasti staðurinn á Íslandi?
Á Íslandi er alls staðar fallegt í góðu veðri. Sérstaklega ef maður stendur upp á fjalli.

Uppáhaldsmatur?
Grænmetislasagna með fullt af góðu salati.

Uppáhaldsdrykkur?
Íslenskt vatn–engin spurning.

Uppáhaldsbók?
Biblían–sem er reyndar heilt bókasafn, 77 bækur.

Uppáhaldstónlistarmaður- tónlistarstefna?
Ég tók tónlistina í arf frá Rás 1. Síðasta lag fyrir fréttir kemur mér yfirleitt í gott skap. Svo lærði ég á fiðlu og það hafði áhrif á það sem ég hlustaði á sem unglingur. Þjóðlög, vísnasöngur og margs konar klassísk tónlist er það sem ég hlusta á ef ég fæ að ráða.

Hvenær ákvaðst þú að gerast prestur og hversvegna?
Ég lærði upphaflega guðfræði vegna áhuga á fræðunum en eftir að ég fór að vinna á Biskupsstofu kviknaði áhuginn á að starfa í söfnuði.

Nú er fjöldi presta í þinni ætt, hafði það áhrif á valið?
Nei, ég var trúuð sem unglingur og hafði alltaf áhuga á guðfræði. Og hef enn.

Þú vannst lengi við fjölmiðla, eiga þessi störf eitthvað sameiginlegt?
Já, í báðum störfunum erum við að miðla efni og í báðum er mikilvægt að hafa ánægju af að hitta fólk og heyra sögu þeirra.

Hvenær reynir mest á í starfinu,á hvaða stundum?
Mér finnst reyna mest á þegar ég mæti fólki í mjög erfiðum aðstæðum, til dæmis við sviplegt andlát. Það er sérstaklega erfitt að vera boðberi tíðinda sem enginn vill heyra–og engan langar að tilkynna.

Hvaða stundir eru gleðilegastar?
Þær eru nú margar, "stóru stundirnar", skírn, ferming og brúðkaup eru tvímælalaust þeirra á meðal.

Á kirkjan undir högg að sækja í nútímanum?
Þetta er einmitt svið trúarlífsfélagsfræðinnar. Það eru miklar breytingar á sviði trúmála í heiminum og þær eru ekki allar í sömu átt. Á Vesturlöndum minnkar þekking fólks á trúararfinum og tengsl við hann. Ég held að allar hreyfingar sem eru að einhverju leyti stofnanir og byggja á gömlum hefðum finni fyrir því.
Þegar ég horfi til nágrannalanda eins og Bretlands, þar sem þekking á kristinni trú er mun minni en hér á landi þá spyr ég mig hvenær verðum við komin þangað–kennsla í kristnum fræðum fer sífellt minnkandi og tengslin við þann hluta menningararfsins hverfur. Að einhverju leyti er það vegna pólitískra ákvarðana. Þær móta að sjálfsögðu samfélagið. Við erum að feta okkur inn í fjölmenningarsamfélag.
Ég hef verið málsvari öflugrar kristindómsfræðslu og öflugrar almennrar trúarbragðarfræðslu því að eina leiðin til að koma í veg fyrir fordóma er með þekkingu, ekki með því að láta eins og trúmál séu ekki til og skipti ekki máli.

Hvernig skýrir þú úrsagnir fólks úr Þjóðkirkjunni og hvaða ástæður gætu legið þar að baki?
Ég hugsa að ástæðurnar séu margar en ein þeirra er sú að menn geta gert þetta. Ég get ekki sagt mig úr samfélaginu þegar ég reiðist við stjórnvöld en ég get sagt mig úr Þjóðkirkjunni ef mér þykir eitthvað miður þar. Iðulega segir fólk sig úr en vill samt njóta þjónustu kirkjunnar. Það áttar sig ekki á því að

úrsögnin skaðar fyrst og fremst þeirra eigin sókn og nærsamfélagið innan kirkjunnar. Ég hef fundið vel í starfinu í söfnuðinum að fólk treystir okkur og vill þiggja þjónustu okkar og það gleður mig.

Hvað gerir þú þegar þú ert örg eða ekki í góðu skapi?
Reyni að komast í göngutúr og viðra mig.

En þegar þér leiðist?
Ég veit það ekki. Ég tengi leiða aðgerðarleysi. Ég er stundum leið og mér leiðast oft ýmis verk sem þarf að framkvæma, eins og uppvask og arfareitingur. En ég man ekki eftir að mér hafi leiðst svona almennt. Það er aldrei verkefnaskortur.

Hvenær líður þér best?
Þegar allt gengur vel í fjölskyldunni.

Áttu þér fyrirmynd í leik eða starfi?
Foreldrar mínir innrættu okkur heiðarleika og að meta alla jafnt. Það fæ ég seint fullþakkað.

Ef þú værir ekki prestur, við hvað ynnir þú þá?
Mig langar að læra þjóðfræði svo líklega væri það á sviði sagnfræði- og menningarmála.

Lífsmottó:
Keep calm and carry on.

ALLT TIL SUNDIÐKUNAR
Aqua Sport
www.aquasport.is
Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur

NÝJA LED SMART TV 8000 LÍNAN FRÁ SAMSUNG
Stærðir: 40"· 46"· 55"· 65" og 75"

SAMSUNG

EISA AWARD Best Product 2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000

Glæsilegt verðlaunatæki

SJÓNVÖRPIN FRÁ SAMSUNG ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI ENDA MARG VERÐLAUNUÐ
UM HEIM ALLAN FYRIR TÆKNILEGA YFIRBURÐI OG HÖNNUN

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

Frímann Ingi Helgason Kópavogsbúi rekur hér sögu Clausenhússins sem var rifið í síðasta mánuði:

Erfðaleigulandið nr. L í Digraneslandi – „Clausenhúsið“ in memoriam

Í júlí var húsið að Hafnarbraut 12 rifið að ósk fyrirtæksins Dróma enda er það fyrir samþykktu deiliskipulagi á svæðinu eins og segir í afgreiðslu Byggingarfulltrúa Kópavogs. Af þessu tilefni finnst mér viðeigandi að rifja upp sögu hússins og erfðafestulandsins sem það stendur á.

Upphaf sögu erfðafestulandsins og hússins er þegar landbúnaðarráðherra hefur úthlutun erfðafestulands í Seltjarnarneshreppi á árunum rétt fyrir seinna stríð og erfðafestuland númer L (50) á Kársnesinu er úthlutað til Inga Halldórssonar bakara í ágúst árið 1938. Nafnið Kópavogsblettur 50 var á reitnum í fyrstu en seinna átti það eftir að breytast þegar gatan norðan megin á nesinu fékk nafnið Kársnesbraut. Þá var húsið kennt við götuna og fékk húsnúmerið 124.

Reiturinn er vestast á Kársnesinu, 0,82 hektarar að flatarmáli. Þessi úthlutun var í framhaldi af úthlutun reitanna norðan megin á nesinu. Reitur L er nálægt norðvesturhorni Kársness og lá að sjó sunnan megin við brautina sem síðar hlaut nafnið Kársnesbraut.

Lögreglumenn fengu erfðafestuland

Það voru einkum lögreglumenn sem þarna fengu erfðafestuland og líkleg skýring er sú að Hermann Jónasson var yfirmaður þeirra á þessum tíma. Þó að skýrt sé tekið fram í erfðaleigusamningnum að landið skuli eingöngu nota undir garða- og grasrækt er líklegt að Ingi bakari hafi haft í hyggju að koma á fót hænsnabúi semvar þá var ekki óalgengt meðal bakara sem gátu þá tryggt sér ódýr egg til notkunar í rekstri sínum. Ekkert varð þó úr framkvæmdum hjá Inga og rúmum fimm árum síðar gengur Ísak nokkur Jónsson inn í leiguréttinn .Hér er rétt að fram komi að ársleiga á landinu var krónur fimm svo ekki voru mikil fjárútlát þessum breytingum fylgjandi.

Hinsvegar var sú kvöð á leigutökum að að rækta landið í tún og garða og eigi minna en einn tíunda hluta landsins árlega. Jafnframt því skyldi girða landið gripheldri girðingu innan árs frá samningsgerð.

Nýir leigjendur koma við sögu

Reyndar var hægt að fá allt að tveggja ára frest ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Í ljósi reynslunnar er ekki hægt að segja að gengið hafi verið hart eftir því að þessum tímamörkum væri fylgt en auðvitað setti þetta nokkra pressu á leigutakana. Varðandi þennan leigutaka er líklegt að hér sé um sama Ísak Jónsson að ræða sem þekktur er fyrir störf sín að málefnum barna en sá starfaði fyrir barnavinafélagið Sumargjöf og rak síðan barnaskóla um langt árabil. Leiða má að því líkum að hann eða aðilar honum tengdum hafi haft áhuga á landinu fyrir einhvers konar barnastarf.

En þetta eru auðvitað vangaveltur og það sem mælir á móti þessari hugmynd er að þetta er í stríðinu miðju og reiturinn eiginlega í þungamiðju hugsanlegra átaka enda flugvöllurinn í næsta nágrenni norðan Fossvogsins. En auðvitað var ljóst að stríðinu myndi ljúka fyrr en síðar og þá gat landið orðið heppilegt undir friðsamlega starfssemi. Ísak fellur reyndar frá sínum áformum hver sem þau hafa verið.

Leyfi fengið fyrir húsi sem átti að standa í ár

En rétt í stríðslok eða í apríl 1945 gengur Árni Pálsson húsasmíðameistari inn í erfðafestusamninginn og nokkrum dögum síðar er hann yfirtekinn af Byggingarfélaginu Smiði en Árni var einn af forsvarsmönnum þess félags Rúmu ári síðar eða í júní 1946 samþykkir byggingarnefnd Seltjarnarneshrepps fyrir sitt leyti erindi frá félaginu þar sem farið er fram á heimild til að byggja verksmiðjuhús úr vikurholsteini á landinu. Beiðninni fylgdi leyfi frá frá landbúnaðarráðuneytinu þar sem félaginu er heimilað að byggja téð hús og láta það standa allt að 10 árum.

Með erindinu fylgdi uppdráttur að hartnær 250 fermetra húsi að grunnfleti með risi. Þessi notkunarréttur er í algjörri þversögn við upphaflegt leyfisbréf sem einskorðaði notkunina við ræktunarstarf.

Heimild fyrir síma en hvorki vatns- né holræsislagnir

Það er athyglisvert að að byggingin eigi aðeins að standa í áratug og því líklegt að um einhverskonar skemmu eða bráðabirgðahús hafi verið að ræða. Full alvara virðist hafa verið hjá byggingarfélaginu og stefnt var að umtalsverðum atvinnuskapandi rekstri. Líklega tengdum fiskvinnslu, iðnaði eða byggingarstarfssemi . Til merkis um það má nefna að félagið virðist hafa fengið heimild fyrir síma sem ekki var sjálfsagt á þessum árum einkum þegar tekið er tillit til þess að leggja þurfti u.þ.b fjörutíu staura loftlínulögn vestur nesið meðfram Kársnesbrautinni

Hinsvegar voru hvorki vatns- eða holræsalagnir á nesinu á þessum tíma svo erfitt hefði verið að stunda umfangsmikinn rekstur þarna. Hinsvegar eru töluverðar framkvæmdir á reitnum því á loftmynd af Kársnesinu frá árinu 1946 sést greinilega að mikið mannvirki er í smíðum.

En enn er heykst á áætlunum og það áttu eftir að líða tæp tuttugu ár þar til annað fyrirtæki tengt byggingarstarfsemi hæfi öflugt starf í vesturbæ Kópavogs. Með greininni fylgir loftmynd af Kópavogi og skerin útfyrir nesinu þar sem nú er uppfylling sjást glöggt. Myndin er tekin á fjöru, því litla hringlaga sílatjörnin sem við strákarnir í vesturbænum lékum okkur oft við er vel sýnileg en hana flæddi á hverju flóði.

Herluf Clausen lætur byggja sumarhöll

Nú virðist gerast lítið í málefnum reitsins næstu þrjú árin en í nóvember 1949 samþykkir byggingarnefnd nýstofnaðs hrepps, Kópavogshrepps beiðni Herlufs Clausens um breytingu á húsinu. Herluf var af dönskum ættum og afabróðir þekktra bræðra úr vesturbæ Kópavogs lögmannanna Guðmundar og Þórðar Þórðarsona.

Húsið var hið glæsilegasta, minnti á danskan herragarð að utanverðu.

Hann var á þessum árum umsvifamikill athafnamaður og fljótlega hefjast framkvæmdir við breytingarnar.

Þórarinn Reykdal verkfræðingur frá Setbergi í Hafnarfirði sonur hins þekkta frumkvöðuls Jóhannesar Reykdal var fenginn til að teikna glæsilegt hús í dönskum herragarðsstíl. Án efa hefur eigandinn haft skoðanir á útliti hússins og útfærslu teikningarinnar og á greinilega hlut í endalegu útliti hússins. Húsið minnir mjög á eldri hús byggð af Dönum hérlendis og nægir að nefna Stjórnarráðshúsið og Viðeyjarstofu sem byggð eru í þessum stíl.

Og nú var Kópavogur sem fyrst og fremst byggðist í fyrstu upp af litlum húsum eða jafnvel hálfgerðum kofum kominn með sína sumarhöll sem blasti við fremst á Kársnesinu norðvestanverðu.

Hér sést skipulag svæðisins á loftmynd frá árinu 1946.

Stóð autt – nágrannar bjuggu í pappaklæddum kofum

En stórhýsið var að sumu leyti gallagripur, illa einangrað og með burðarvirki að hluta úr stálbitum sem hugsanlega hefur verið vegna áhrifa verkfræðingsins sem menntaður var í Bandaríkjunum en þar voru stálvirki algeng í burðarvirkum bygginga. Húsið var hlaðið úr innlendum músteinum og múrað að utan með sérstakri áferð sem stundum er kölluð spænska múraðferðin eða munkapúss. Þetta gaf húsinu virðulegan og áferðafallegan svip.

Vel er hugsanlegt að Herluf hafi hugsað sér að nýta húsið til íbúðar en þó er rétt að benda á að á þessum tíma var iðnaðarhúsnæði oft teiknað í klassískum stíl og var Herluf umsvifamikill iðnrekandi með ýmsan smáiðnað sem hefði hæft húsinu. Staðsetningin er stórfengleg og sólarlag óvíða fegurra en þarna yst á nesinu þar sem Snæfellsjökull og Ljósufjöll blasa við í norðvestri svo það styður þá kenningu að húsið hafi verið hugsað til íbúðar. En athafnamaðurinn bjó vel í Reykjavík og við bættist að hann var með stórbýlið Lund í Lundareykjadal á sinni könnu og sinnti því vel og því varð staðreyndin sú að hvorki varð hann heimilisfastur í Kópavogi né stundaði þar iðnrekstur.

Húsið stóð því autt um langt árabil og vissulega stakk það í stúf að sjá slíkt stórhýsi u.þ.b 500 fermetra tómt á meðan nágrannarnir bjuggu sumir hverjir í pappaklæddum kofum.

Guðmundur Hagalín rithöfundur sem bjó í næsta nágrenni um hríð getur hússins lítillega í bók sinni Fílabeinshöllinni og þá í kerknistón. Einnig skrifuðu sum vinstri blöðin um húsið í umvöndunarstíl og fundu því flest til foráttu.

Húsgagnaverkstæði og síðan efnagerðin Valur

Árið 1951 kom upp sú hugmynd meðal Kópavogsbúa og Fasteigendafélags Kópavogshrepps að breyta húsinu í sjúkrahús sem gæti tekið þrjátíu til fjörutíu sjúkrarúm. Það hefði verið verðugt hlutverk fyrir húsið en af þessu var þó ekki. Svo fór að Herluf seldi húsið u.þ.b áratug eftir að hann hóf þar framkvæmdir og þá hófst hin eiginlega nýtingarsaga hússins og þá sem iðnaðarhúsnæði fyrst og fremst.

Þarna voru starfrækt húsgagna- og bólstrunarverkstæði og ýmis annar smáiðnaður. Efnagerðin Valur hóf svo starfsemi sína í húsinu um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar og nafn hússins breyttist þá í munni nágrannanna úr Clausenhúsi í Valshús. Efnagerðin framleiddi aðallega sultur, safa og sósur og margir Kópavogsbúar og sjálfsagt fleiri lögðu leið sína þangað til að ná sér í þessar framleiðsluvörur ódýrt.

Síðan eignaðist eða fékk allavega yfirráðrétt yfir húsinu félag Prátista en sá félagsskapur er þekktari undir nafngiftinni Ananda Marga. Þá tók við í húsinu ýmis konar andleg starfssemi en íhugun og yoga voru stunduð þar af kappi af félagsmönnum sem einnig voru þar með námskeið. Nokkrir meðlimir hreyfingarinnar bjuggu um tíma í húsinu og þá kom berlega í ljós hve illa það hentaði til búsetu. Það var illa einangrað og dýrt í kyndingu.

Kom við sögu í kvikmyndinni Sumarlandinu

Reyndar var búið í húsinu um nokkurt árabil. Hægt er að segja að síðasta hlutverk þess í atvinnulegu tilliti var að vera sviðsmynd fyrir eina af nýjustu íslensku kvikmyndunum. Sú mynd heitir Sumarlandið og fjallar um miðilsstarfsemi og fjölskyldulíf henni tengt. Víst er að húsið er dulrænt og magnað umhverfi fyrir slíka mynd.

Tveir af forsvarsmönnum myndarinnar þeir Baltasar Kormákur og Ari Kristinsson eru úr Kópavogi. Þeir hafa vitaskuld þekkt til hússins og möguleika þess sem leik- og sviðsmynd.

Fá hús í Kópavogi falla undir húsafriðun

En nú er hún Snorrabúð stekkur og heldur betur búið að þrengja að dönsku smáhöllinni.

Flestir Kópavogsbúar höfðu ekki einu sinni hugmynd um þetta hús sem umlukið var verkstæðum og iðnaðarhúsnæði á alla kanta. Gamli sjarminn og hofmóðurinn er horfinn.

Árið 2007 var svo komið að athafnamenn sem fjárfest höfðu í landi á hafnarsvæðinu leituðu eftir leyfi fyrir niðurrifi til Húsafriðunarnefndar ríkisins. Þar sem húsið er byggt eftir 1918 fellur það ekki undir lög um húsafriðun og er því réttrifið eins og segja mætti. Semsagt Húsafriðunarnefnd gerði ekki athugasemdir við erindið. En svo kom kreppan margumrædda og frestaði niðurrifi hússins í bili og sannast þar það fornkveðna að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott.

En Kópavogur er ekki gamalt og gróið bæjarfélag og næsta fá hús þar falla undir þá skilgreiningu Húsafriðunarnefndar er fjallar um friðun bygginga. Reyndar höfðu núverandi forsvarsmenn nefndarinnar lýst yfir áhuga á því að húsið verði friðað og töldu það merkilegra en haldið hafi verið í fyrstu og byggingarár þess segir til um.

Því er rétt að spyrja hvort þetta unga bæjarfélag ætti að styðjast við aðrar reglur í þessu sambandi. Það var greinilega skoðun forráðamanna bæjarfélagsins árið 1993. Í metnaðarfullu hverfaskipulagi vesturbæjar Kópavogs sem kom út það ár og var borið í öll hús í bænum var þessarri byggingu lýst sem sögulegu byggingar- og menningarlegu verðmæti.

En tímarnir breytast og mennirnir með, ekki tókst að bjarga þessu sérkennilega húsi. En það má benda á að en önnur eldri hús eru í bænum sem rétt væri að íhuga vel hvort ætti að friða þrátt fyrir að þau séu langflest byggð eftir 1918.

Reist af ákefð og fljótfærni

En við miðaldra og eldri Kópavogsbúar munum þetta hús þar sem það stóð í drambsemi sinni og ytri glæsileik á fallegasta staðnum á Kársnesinu þar sem sólarlagið var hvergi fegurra. Við og vonandi fleiri hefðum svo gjarnan viljað halda í húsið, gefa því grið og verðugt hlutverk.

Það er í huga margra okkar minnismerki um stórhug, auðlegð og væntingar. En saga þess segir okkur líka að allt er í heiminum hverfult og að í upphafi skyldi endirinn skoða. Sú var raunin með þetta mannvirki.

Það var reist af krafti og ákefð í fljótfærni en þar sem helstu grunnforsendur svo sem gott vegakerfi,vatnslagnir og holræsi voru ekki til staðar í upphafi nýttist það ekki eins og til stóð. Byggingin stóð sína plikt á allt annan hátt en til var stofnað í byrjun.

Með húsafriðunarkveðju
Frímann Ingi Helgason
Kópavogsbúi.

Húsið var rifið í síðasta mánuði, lóðin er geysistór eins og sést á þessari mynd sem tekin var á miðvikudaginn.

ÆVINTÝRI HÚSMÓÐURINNAR

Skólabyrjun – útsjónarsemi borgar sig

Það leynir sér ekki að skólarnir eru að byrja. Hvort sem maður er sjálfur námsmaður, foreldri eða annað skyldmenni námsmanna, vinur námsmanns eða alveg ótengdur námsmanni þá er ekki hjá því komist að vita það. Auglýsingabæklingarnir frá ritfangaverslunum, bókabúðum, stórmörkuðum og öðrum góðum búðum hafa á síðustu vikum streymt í gegnum póstlúgur landsmanna. Stílabækur eru auglýstar á afslætti í einni búð, strokleður er á einstaklega góðu verði í annarri búð og lengstu reglustikurnar eru að fá í þeirri þriðju.

Bestu skólatöskurnar sem allir foreldrar verða að kaupa fyrir börnin sín ef þeir vilja ekki að börnin þeirra verði kengbogin í baki og finni fyrir ótímabærri öldrun eru auglýstar á lægsta fáanlega verði í enn einni búðinni. Téðar töskur eru þó það dýrar að verðið er ekki sett með í bæklinginn

heldur er verðinu á sundpoka sem fæst einnig í búðinni stillt upp nógu nálægt myndinni af töskunni dýrmætu.

Það er því ekki skrýtið að húsmóðirin fylltist valkvíða þegar kom að því að velja sér verslun til að versla ritföng og bækur fyrir komandi skólaár afkvæmanna. Valið á versluninni fólst fyrst og fremst í því hvar líklegast var að fá sem flestar notaðar kennslubækur fyrir framhaldsskólaafkvæmið því fyrirfram mátti búast við mestum kostnaði við það. Leiðin lá í verslun eina á gríðarlega heitum en fallegum ágústdegi. Húsmóðirin sýndi mikla fyrirhyggju og hafði farið á heimasíðu grunnskólaafkvæmanna og prentað út innkaupalista þeirra til að vera tímanlega í innkaupunum. Já, húsmóðirin á slatta af börnum á ýmsum skólastigum.

Stefnuljósanotkun 103

Fleiri höfðu sýnt svipaða fyrirhyggju því það tók nokkurn tíma að fá bílastæði fyrir utan verslunina. Það dugði ekkert annað en að stunda fyrirsát á hæsta stigi því fleiri ökumenn voru í leit að stæði. Afkvæmin voru ekki eins spennt fyrir því að taka þátt í slíkum spæjaraleik þar sem hitinn var kæfandi í bílnum og beiðnum um ís og svaladrykki fór fjölgandi. Húsmóðirin fylgdist grannt með hjónum með skólastúlku eina koma hróðug úr búðinni eftir eflaust góð kaup og halda í átt að bílnum sínum. Það vildi svo vel til að þau stefndu að bíl sem var lagt rétt fyrir framan húsmóðurina sem hrósaði happi yfir því að finna bílastæði. Húsmóðirin gaf stefnuljós í átt að stæðinu til að gefa í skyn að hún ætlaði að leggja þar. Bíllinn bakkaði í burtu og loksins sá húsmóðirin fram á að komast í stæði.

Svo virðist sem stefnuljósafræðslan hafi ekki skilað sér til allra því bílstjóri á bláum Yaris gerði sig líklegan til að sveigja sér fram hjá stórum jálki húsmóðurinnar og tryggja sér stæðið. Húsmóðurinni fannst þá orðið tímabært að kenna þessum unga ökumanni stefnuljósanotkun 103, flautaði ákaft og smeygði sér í stæðið. Þar sem bíljálkurinn er frekar stór til að rýma öll afkvæmin var ekki um annað að ræða að smeygja sér mjúklega í stæðið heldur var bakkað, snúið stýri, farið áfram svona 23 sinnum áður en bíllinn var beinn í stæðinu. Stæðið var nú ekki allt of breitt heldur og þegar húsmóðirin ætlaði sér út úr bílnum sá hún fram á að hún þyrfti annað hvort á örskotsstundu að grenna sig um marga tugi sentimetra eða klöngrast aftur í og fara út hinum megin í gegnum rennihurðina hjá afkvæmunum til að komast út. Seinni kosturinn varð fyrir valinu.

Röðin langa

Skipulega var gengið til verka í búðinni og hrósaði pyngja heimilisins happi yfir því að framhaldsskólaafkvæmið fékk allar námsbækurnar notaðar. Ritföng, stílabækur, reikningsbækur, sögubækur og litir af öllum stærðum og gerðum var hent í innkaupakerruna og smám saman færðist húsmóðirin nær röðinni. Röðinni já! Sú náði yfir meira en hálfa búðina og var líklega um 200 metra löng. Enn og aftur sýndi húsmóðirin fyrirhyggju og stillti hún innkaupakörfunni í röðina og sagði einu afkvæminu að passa upp á hana meðan innkaupin voru kláruð. Þegar skólakompur, blý og yfirstrikunarpennar voru komnir í körfuna andaði húsmóðirin léttar og beið þess að röðin mjakaðist áfram.

Á þessum tímapunkti var orðið verulega heitt inni í búðinni, loftkælingin af skornum skammti, gríðarlegur mannfjöldi og það sem verst var; yngri afkvæmin orðin verulega pirruð! Húsmóðirin sendi því börnin út í bíl undir stjórn framhaldsskólaafkvæmisins þar sem hlustað yrði á útvarp Latabæ með loftkælinguna stillta. Röðin mjakaðist áfram og dáðist húsmóðirin af kraftmikilli rödd afgreiðslufólksins sem kallaði reglulega „næsti."

Ábúðarmiklir öryggisverðir

Þegar eingöngu fimm voru fyrir framan húsmóðurinna varð henni litið fyrir aftan sig og sá að röðin hafði lengst enn frekar. Á þessum tímapunkti var henni orðið mál að pissa og

eftir fæðingu margra barna var blaðran ekki sem best. Það var því vissara að halda allri einbeitingu og hafa bara veskið tilbúið svo afgreiðslan tæki sem stystan tíma. Veskið!? Úppps, húsmóðirin uppgötvaði á þessari stundu þegar það var alveg að koma að henni að veskið hafði það gott í bílnum.

Nú voru góð ráð svo sannarlega dýr. Notuðu námsbækurnar voru sem gull í innkaupakörfunni og mikill tími hafði farið í að safna öllu saman í körfuna og fara margar málamiðlanir svo allir fengu ritföng og bækur í réttum litum. Ekki gat húsmóðirin því farið úr röðinni og eiga á hættu að missa mikilvægt innihald körfunnar. Hún gat ekki heldur hugsað sér að láta geyma körfuna fyrir sig og enda svo aftast í röðinni aftur með afkvæmin bíðandi í bílnum. Auk þess minnti blaðran sífellt meira á að hún vildi láta tæma sig.

En það sem var verst var að nú var búðinni að loka og öryggisverðir stóðu ábúðarmiklir í dyrunum og meinuðu fólki inngang í búðina. Að sjálfsögðu var svo gsm síminn eftir úti í bíl svo ekki þýddi að fá eitthvað afkvæmið til að hlaupa inn með veskið.

Inngöngu krafist

Röðin færðist sífellt framar og í miðjum pælingum húsmóðurinnar um hvað til bragðs skyldi taka heyrði hún kallað „mamma, ég þarf að pissa" Eitt af yngri afkvæmunum stóð í hurðinni á milli tveggja öryggisvarða og krafðist inngöngu svo innihald blöðrunnar kæmist á réttan stað. Húsmóðirin sá sér leik á borði og kallaði þvert yfir búðina; „Barnið mitt þarf að fá að koma inn til að pissa, en þarf fyrst að sækja veskið mitt út í bíl." Svo bætti hún við; „farðu fyrst út í bíl og sæktu veskið og troddu þér svo hingað inn á milli mannanna."

Húsmóðirin lagði þannig sitt af mörkunum að brjóta upp endurtekin köllin „næsti" sem var það eina sem hafði heyrst í búðinni og dró í leiðinni að sér töluverða athygli. Afkvæmið fór sem betur fer eftir fyrirmælunum og kom sér inn á milli öryggisvarðanna, dansaði stríðsdans til móðurinnar og hljóp svo á klósettið. Tímasetningin gat ekki verið betri því í þessu var röðin komin að húsmóðurinni sem borgaði glaðbeitt og ríghélt á pokunum þremur út í bíl með aðstoð afkvæmisins sem hafði lokið klósettferð sinni. Klósettferð húsmóðurinnar þurfti hins vegar að bíða enn um sinn þar til heim var komið og fengu grindarbotnsvöðvarnir að sperra sig þangað til.

Húsmóðirin deilir ævintýrum hversdagsins með lesendum blaðsins

Baðherbergi


Fataskápar

Þvottahús

Allt í skúffurnar

Mikið úrval af skápahurðum

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG
Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

ÞITT ER VALIÐ
Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

ELDAVÉLAR - OFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR & HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAR



RAFTÆKJAÚRVAL
15% afsláttur af raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingu.

friform.is

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Opið: Mán. - föst. kl. 09-18 - Lokað á laugardögum í sumar

Heimilisiðnaðarfélag Íslands

Heimilisiðnaðarskólinn

Prjón, hekl, þjóðbúningasaumur, baldýring, útsaumur, orkering, knipl, jurtalitun, tóvinna, víravirki, vefnaður, leðursaumur, og margt fleira.

Verslun

Mikið úrval af íslensku prjónabandi og lopa, prjónum, prjónabókum og blöðum.
Efni og tillegg fyrir þjóðbúningasaum og jurtalitun.
Gjafakort.
Opið alla virka daga kl. 12 - 18
Verið velkomin.

Nethyl 2e
110 Reykjavík
Sími 5517800/5515500
hfi@heimilisiðnaður.is
www.heimilisidnadur.is

Brúðkaupsveislur.is

Pantaðu brúðkaupsveisluna í tæka tíð
Veislusalur okkar tekur 80-200 manns
Við sendum líka veitingar og útvegum alla þjónustu

Fáðu nánast ALLT á einum stað

Cocktail.is
Veisluþjónusta

- **Brúðkaupsráðgjöf**
- **Brúðkaupsþjónusta**
- **www.brudkaupsveislur.is**

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • cocktail@cocktail.is • salur.is • s. 899-8994

Fermingarveislur 2014

- **Í Lionssalnum Lundi færðu nánast allt á einum stað • Glæsilegir veislumatseðlar**
- **Innifalið í verðum er prúðbúinn veislusalur með taudúkum, þjónustufólk, gos, kaffi ofl.**

Enn eru nokkrir lausir dagar 2014

- **Lambalæri með öllu**
- **Steikarhlaðborð**
- **Brunch**
- **Austurlenskt & Mexíkóskt**
- **www.fermingarveislur.is**

Cocktail.is
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • cocktail@cocktail.is • salur.is • s. 899-8994

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN Kópavogi

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

UMFERÐARVÖRUR

Hraðahindrun 017
122x30x5cm **7.960** + vsk

Hraðahindrun "mjúk" 090
Miðja 50x43x5cm **4.142** + vsk
Endi 22x43x5cm **1.586** + vsk

Hjóla-stoppari 006
178x14x10cm
6.367 + vsk

Hraðahindrun 150 "mjúk"
Miðja 50x90x5cm **9.554** + vsk
Endi 27x90x5cm **3.179** + vsk

Keilur PE og gúmmí 201
h:50 b:30 cm **1.554,** h:75 b:38 cm **1.990,** h:100 b: 53 cm **2.382** + vsk

Hraðahindrun 022 færanleg
300x22x4cm **44.614** + vsk
Kapalrenna 200 f/3 svera kapla
90x60x6cm **15.777** + vsk (endar og beygjur fáanlegar)

Umferðarhlið 012 (hvítt)
200x100cm **9.554** + vsk

Umferðarhlið 011 útdraganlegt
250x96cm (24cm saman) **7.960** + vsk

Ljós f/2 rafhl. **2.382,** f/1 **1.586** + vsk

Skiltakerra með sólarsellu og fjarstýringu 659.338 + vsk

Led ljósabar með stjórnkerfi og kösturum **127.094** + vsk

Blikkljós 2.382 + vsk
með segulstáli **7.163** + vsk

AFLVÉLAR

Aflvélar ehf, Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ. Sími 480-0000, Fax 480-0001
Tölvupóstur: sala@aflvelar.is Vefsíða: www.aflvelar.is

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur skrifar:

EKKI MEIR! Höfnum stríðni og einelti

Skólagangan er hafin og fjölmargir nýir nemendur stiga sín fyrstu skref inn í grunnskóla landsins. Það er sameiginlegt verkefni foreldra og starfsfólks þeirra stofnana sem börn stunda nám og tómstundir að tryggja vellíðan þeirra eins og framast er unnt. Öruggt og vinsamlegt umhverfi þar sem einstaklingur getur verið á sínum forsendum án þess að verða fyrir neikvæðu áreiti eða hunsun skapast ekki af sjálfu sér. Til að aðstæður verði góðar og vinsamlegar þarf að vaka yfir þeim og hlúa að einstaklingunum í þeim.

Ábyrgðin liggur hjá öllum enda er velferð barna þessa lands stórt samvinnuverkefni. Traustur samskiptajarðvegur verður til vegna „kynna" foreldra og stofnunar. Kynni kalla á samskipti, ekki bara einu sinni eða tvisvar heldur tíð samskipti. Sú samskiptabrú sem byggja þarf verður að halda ef leysa þarf erfið og viðkvæm mál. Foreldar eru lykilaðilar enda þekkja þeir börnin sín best. Líði barni illa eru það yfirleitt foreldrar þess sem verða þess fyrst varir. Þá skiptir máli að kanna orsökina svo hægt sé að leita leiða sem tryggja að barninu líði vel í aðstæðunum. Að sama skapi er það stofnunar að láta foreldra vita verði vart við að barni líði illa t.d. félagslega eða á í erfiðleikum með nám eða tómstundir. Samstarf og samvinna verður aðeins sé upplýsingaflæðið virkt í báðar áttir allt starfsárið.

Kolbrún Baldursdóttir er einn fremsti sérfræðingur landsins í eineltismálum.

Einelti er sem eitur

Einelti getur rústað lífi og tilveru þess sem fyrir því verður. Börn sem eru gerendur líður oftast illa og er vanlíðan þeirra, óöryggi og minnimáttarkennd iðulega hvati að hinni neikvæðu hegun. Hjálpa þarf börnum sem eru gerendur eineltis að skilja hvernig þeirra eigin vanlíðan hefur áhrif á hegðun þeirra en jafnframt að minna þau á að minningin um að hafa meitt aðra getur lifað lengi með gerandanum eins og þolandanum.

Boltinn á lofti allt starfsárið

Forvarnir eru til í mörgum myndum. Kjarni þeirra felst í því að byrja strax og þroski leyfir að ræða við börnin um framkomu og hegðun og kenna þeim að bera virðingu fyrir hverju öðru. Til að gera forvarnarvinnu hluta af lífstíl frekar en tímabundið átak er nauðsynlegt að flétta eða tvinna saman umræðu um góða samskiptahætti inn í starfsemina. Á þessum tímapunkti ættu allar stofnanir sem starfa með börnum að hafa tiltækar forvarnaáætlanir vetrarins þ.e. efni, úfærslu og hvernig efnisþáttum verður dreift inn í starfið næstu níu mánuði.

Liður í forvörnum er að byggja upp og móta sterka sjálfsmynd með börnunum. Sterk sjálfsmynd er því ein besta vörnin gegn hópþrýstingi. Barn með sterka sjálfsmynd á betur með að átta sig á hvar eigin og annarra persónulegu mörk liggja. Barn sem lærir að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum hefur góðar líkur á að vegna vel.

Kenna börnum að vinna saman og ræða við þau um hegðun og framkomu

Mikilvægt er að kenna börnum strax frá byrjun að vinna saman. Eitt dæmi sem auðvelt er í framkvæmd er t.d. að telja í hópa af handahófi í stað þess að leyfa krökkunum meira og minna að para sig saman sjálfir. Þessi aðferð er líkleg til að draga úr klíkumyndun og þeirri hættu að einhver einn verði ávallt útundan.

Í umræðunni við börnin felst að ræða við þau um hvað er átt með hugtökunum stríðni og einelti. Yngstu börnin þurfa jafnframt að fá skýringar á hugtaki á borð við klögun, hvað þýðir að klaga og hvernig greina á milli þess að „að klaga" annars vegar og þess „ að segja einhverjum fullorðnum frá atviki til að hann getið skorist í leikinn og hjálpað". Því fyrr sem þeim er kenndur þessi greinarmunur því líklegra er að minna verði um árekstra og særindi. Eftirfarandi spurningar geta hjálpað til við að átta sig enn betur á hvar þessi mörk liggja: „hverju á ég að skipta mér af?, hverju má ég skipta mér af?, og hvað er það sem kemur mér ekki við?"

Markviss vinnubrögð skila góðum árangri

Auk þess að hafa forvarnaáætlun vetrarins tilbúna þurfa verkferlar og verklag við úrvinnslu eineltismála að vera skýrir þeim sem hafa það hlutverk að annast úrlausn mála. Endurskoða þarf viðbragðsáætlun í upphafi hvers vetrar. Við endurskoðun er nauðsynlegt að byggja á fyrri reynslu í þeim aðstæðum sem um ræðir enda þær oft mismunandi. Skoða þarf hvað gengið hefur vel en betrumbæta annað sem ekki hefur skilað tilskyldum árangri.

Í bókin EKKI MEIR sem kom út í ágúst sl. hjá Skólavefnum má sjá nánar fjallað um ofangreind atriði ásamt flestu því sem mikilvægt er að vita og kunna þegar kemur að eineltismálum. Bókin er leiðarvísir í aðgerðum gegn einelti og er fyrir starfsfólk skóla, íþrótta- og æskulýðsfélög, foreldra og börn. Henni hefur verið fylgt eftir með fræðsluerindum sem haldin hafa verið víða um land, í Reykjavík og nágrannasveitafélögum. Fjölmargir skólar, íþrótta- og æskulýðsfélög og einnig vinnustaðir hafa nýtt sér hugmyndafræði og verkfæri EKKI MEIR. Fræðsluerindi um markvisst verklag verða áfram í boði í vetur (sjá nánar www.kolbrunbaldurs.is)

Grípa þarf strax inní

Í EKKI MEIR er lögð áhersla á að unnið sé með markvissum og kerfisbundum hætti í þessum málum enda slík vinnubrögð líkleg til að skila árangri. Mikilvægt er að taka allar kvartanir til skoðunar. Engin tvö mál eru eins og er viðbragðsáætlun vegvísir. Það reynir ávallt á dómgreind þeirra sem annast vinnslu mála og mikilvægt er að vanda vel til verka. Takist að grípa strax inn í, er líklegt að stöðva megi óheillaþróun. Enda þótt engin tvö mál séu eins hefur komið á daginn þegar eineltismál sem ekki hefur tekist að leysa farsællega eru krufin, að ákveðin grundvallarmistök hafa átt sér stað.

Til að mynda hefur oft verið beðið of lengi með að grípa inn í og/eða skort hefur á markvissa og faglega íhlutun á einhverju stigi við vinnslu þess. Í EKKI MEIR eru þessi atriði dregin fram og farið yfir ákveðna grundvallaþætti og verkferla sem ekki mega gleymast ef „mál" á ekki að verða að „martröð".

Í „EKKI MEIR hugmyndafræðinni" er hvatt til þess að skólar/stofnanir hafi viðbragðsáætlun og tilkynningareyðublað á heimasíðu á áberandi stað og undir „Einelti". Það skapar ekki einungis öryggistilfinningu hjá börnum, kennurum og foreldrum heldur er forvörn í sjálfu sér. Með því að bjóða upp á slíkt eyðublað á heimasíðu er verið að lýsa því yfir „að neikvæð framkoma og hegðun í garð annars aðila sé ekki liðin á staðnum. „Komi upp eineltismál verður tekið á því af fullri alvöru."

Bókin EKKI MEIR fæst hjá Skólavefnum, í Hagkaup og Eymundsson

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur og formaður Barnaheilla-Save the children á Íslandi
www.kolbrunbaldurs.is

Skalli

Sá svalasti í bænum

Ögurhvarfi 2 • 203 Kópavogi • Sími 567 1770 • Opið alla daga kl. 10 - 23

SJÁVARÚTVEGUR · IÐNAÐUR

EIGUM ALLAR GERÐIR AF LOKUM

KÚLULOKAR - RENNILOKAR - SPJALDLOKAR - KEILULOKAR - SÍÐULOKAR - BOTNLOKAR

VK vörukaup HÁGÆÐA VÖRUR FYRIR SJÁVARÚTVEGINN OG IÐNAÐINN Í YFIR 30 ÁR

VÖRUKAUP EHF · Miðhraun 15 · 210 Garðabæ · Sími: 561 2666 · Fax: 562 6744 · vorukaup@vorukaup.is · www.vorukaup.is

Leikfélag Kópavogs:

Fjölbreytt dagskrá í vetur – námskeið að hefjast

Leikfélag Kópavogs býður upp á fjölbreytta og spennandi dagskrá í vetur fyrir fólk á öllum aldri. Leikárið hefst í september með námskeiðum fyrir börn og unglinga. Annarsvegar er í boði námskeið fyrir börn í 6. og 7. bekk grunnskóla og hinsvegar fyrir 13-16 ára. Leiðbeinandi er Ástbjörg Rut Jónsdóttir sem hefur mikla reynslu af leiklistarstarfi með börnum og unglingum. Námskeiðin hefjast miðvikudaginn 4. september og verða vikulega til loka nóvember. Námskeiðsgjald er 15.000 kr. en börn í Kópavogi geta nýtt sér tómstundastyrk bæjarins til að lækka gjaldið.

Þeir sem eldri eru fá einnig námskeið við sitt hæfi því í boði er námskeið fyrir byrjendur í leiklist 21 árs eða eldri. Leiðbeinandi er Hörður Sigurðarson sem hefur stýrt slíkum námskeiðum hjá félaginu undanfarin ár. Námskeiðið er tilvalið fyrir þá sem hefur dreymt um að spreyta sig á sviði en ekki látið verða af því áður. Námskeiðið hefst

Unglingadeild Leikfélags Kópavogs í góðum gír.

mánudaginn 9. september og verður í sex skipti alls.

Í október stendur félagið fyrir leikdagskrá þar sem sýndir verða nokkrir leikþættir af styttri gerðinni. Í byrjun árs í tengslum við afmæli félagsins sem er 5. janúar, verður haldin hið árlega Stjörnuljósakvöld fyrir félaga og gesti. Í lok janúar verður síðan frumsýnt leikverk í fullri lengd í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar. Verkið verður nánar kynnt fljótlega en stefnt er að því að æfingar hefjist í lok október.

Af öðrum verkefnum má nefna leikdagskrá með vorinu en nánar verður sagt frá verkefnunum er nær dregur.

Leikfélag Kópavogs er öllum opið sem áhuga hafa á leiklist. Nánari upplýsingar um starfsemi leikfélagsins má fá á síðunni www.kopleik.is.

Breikkun á Dalvegi

Miklar framkvæmdir hafa verið á Dalvegi síðustu daga en þrátt fyrir lokanir hefur umferðin gengið afar vel. Verið er meðal annars að breikka Dalveg til norðurs og munu framkvæmdirnar taka nokkra mánuði eða þar til í nóvember. *Mynd: HÞ*

Hamraborgarhátíðin haldin á morgun

Hamraborgarhátíðin verður haldin í fjórða sinn í Kópavogi laugardaginn 31. ágúst. Hamraborginni verður breytt í göngugötu þar sem Kópavogsbúar og aðrir gestir geta gert sér glaðan dag. Þar verður m.a. hægt að gera góð kaup á markaðnum „Beint úr skottinu“ og verslanir og önnur fyrirtæki verða með tilboð á vörum sínum og þjónustu.

Hátíðin hefst kl. 11:00 og stendur yfir til kl. 16:00.

Íþróttafélög í bænum kynna starfsemi sína, íþróttafélagið Glóð verður með pönnukökubaksturskeppni og menningarstofnanir bæjarins verða opnar upp á gátt.

Stefán Karl Stefánsson betur þekktur sem Glanni glæpur verður á svæðinu með kandísflos-vagninn sinn og Sirkus Íslands leikur listir sínar. Ungmenni úr Molanum, ungmennahúsi Kópavogs, verða með skemmtilegar uppákomur.

Hátíðin er haldin á vegum Kópavogsbæjar í samstarfi við verslanir og fyrirtæki í Hamraborginni. Markmiðið er að lífga upp á miðbæ Kópavogs.

HVAÐ VEISTU UM BÆINN ÞINN?

Svar: ***Konan er Hulda Jakobsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri í Kópavogi.***

JAFNRÉTTI

– Mikilvægur þáttur í samfélagsábyrgð

Hjá Össuri hf. starfa 1850 starfsmenn í 13 löndum víðsvegar um heiminn. Össur leggur áherslu á mikilvægi þess að starfsfólk njóti sín án tillits til kynferðis, trúarbragða, kynþátta og stöðu.

WWW.OSSUR.COM/CSR

ÖSSUR®

Life Without Limitations®

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE

GOLF ÚTSALA

INTERSPORT ER Í FULLUM GANGI!

Vandaðar merkjavörur á frábæru verði!

20-50% afsláttur af völdum vörum í golfdeild!

Callaway GOLF · NIKEGOLF · Cougar · Titleist · ODYSSEY · TaylorMade · adidas · cobra · Wilson Staff · PING · cross

INTERSPORT LINDUM / SÍMI 585 7260 / lindir@intersport.is / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11 - 19. LAU. 11 - 18. SUN. 12 - 18.